



## Fjölskyldu- og fræðslusvið

### Verkferill sérfræðipjónustu leikskóla

Einstaklingsáætlun er gerð til að tryggja að barn fái þá aðstoð sem það þarf á að halda. Mikilvægt er að unnið sé út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og styrkja jákvæða hegðun og félagsleg samskipti við aðra. Foreldrar þurfa að samþykkja áætlunina.

Hér er sérkennsluráðgjafi skólaskrifstofu kallaður til. Það er alltaf fyrsta skref varðandi þjónustu frá sérfræðipjónustu.

Einstaklingsnámskrá er gerð til að tryggja að barn fái þá aðstoð sem það þarf á að halda. Mikilvægt er að unnið sé út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og styrkja jákvæða hegðun og félagsleg samskipti við aðra. Foreldrar þurfa að samþykkja áætlunina.

EF ÁHYGGJUR AF ÞROSKA, HEGÐUN EÐA LÍÐAN BARNNS VAKNA Í LEIKSKÓLA

Deildar-/hópstjóri ræði áhyggjur við skólastjóra.

Deildar-/hópstjóri og leikskólastjóri leggja mat á vanda og styrkleika barnsins. Þeir vinna drög að einstaklingsáætlun til 2 mánaða sem kynnt er foreldrum og fullmótuð í samráði við þá.

Deildar-/hópstjóri, leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi meta stöðuna ásamt foreldrum og næstu skref.

Deildar-/hópstjóri, leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi skoða feril málsins og afla frekari gagna, t.d. með skimunum.

Er þörf á frekari athugun?

Nei

Sérkennsluráðgjafi fylgist áfram með og veitir handleiðslu

Já

Deildar-/hópstjóri og sérkennsluráðgjafi, í samráði við leikskólastjóra og foreldra, vísa málinu til sérfræðipjónustu skóla ef endurskoðuð einstaklingsáætlun eða íhlutun ber ekki árangur. Mikilvægt er að tilvísunarblöð séu vandlega útfyllt. Sérfræðiteymi fer yfir fyrirleggjandi gögn og tekur ákvörðun um næstu skref.

Á þessu stigi koma aðrir sérfræðingar fjölskyldu- og fræðslusviðs að málinu.

Greiningar og athuganir gerðar. Skýrsla unnin út frá athugunum. Niðurstöður og tillögur til úrbóta kynntar foreldrum og leikskóla á skilafundi. Sérfræðipjónustan vísar málinu í samráði við leikskóla og foreldra til sérhæfðrar þjónustu utan skólans ef þörf er á.

Er þörf á frekari athugun?

Nei

Nýrra úrræða leitað innan leikskólans. Gerð áætlun um eftirfylgd í samráði við deildarstjóra, leikskólastjóra og sérkennsluráðgjafa í samræmi við eðli málsins og vinnureglur um sérfræðipjónustu.

Já

Samráð foreldra, deildar-/hópstjóra, leikskólastjóra, sérkennsluráðgjafa og sérhæfðra greiningar- og/eða ráðgjafaraðila utan leikskólans um niðurstöðu greiningar og endurskoðun úrræða innan leikskólans í samræmi við niðurstöður. Deildar-/hópstjóri, leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi endurskoða einstaklingsáætlun út frá breyttum forsendum og gera einstaklingsnámskrá.

Ef þurfa þykir er lögð fram ósk um stuðning við deildina.

Er þörf á sérkennslutímum?

Já

Ef þurfa þykir er lögð fram ósk um stuðning við deildina.

Leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi ákveða fjölda stunda í sérkennslu og hvernig henni skuli háttað en fræðslufulltrúi úthlutar stundum í sérstuðning. Þörf fyrir sérkennslu og sérstuðning er endurmetin í samráði við sérkennsluráðgjafa og leikskólastjóra reglulega yfir skólaárið.

FERLI LOKIÐ